

**Fundargerð háskólaráðs**  
**392. fundur 22. mars 2018**  
**Borgir, R262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:02.

Mættir voru auk hans:

Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs  
Sólveig María Árnadóttir fulltrúi nemenda  
Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins  
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Hólmar Svansson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu  
Stefán B. Sigurðsson prófessor  
Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi  
Hermína Gunnþórsdóttir dósent

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Samþykkt fundargerðar 391. fundar**

*1802012*

Samþykkt án athugasemda.

**2. Fjármál og rekstur**

Hólmar Svansson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu kom inn á fundinn undir þessum lið.

Lagt fram rekstraryfirlit 2017. Ársuppgjöri ekki lokið en liggur fyrir að reksturinn 2017 var í samræmi við áætlanir og að um örlítinn rekstrarafgang verði að ræða (u.þ.b. 1%).

Lagt fram rekstaryfirlit jan-feb 2018. Skólinn í heild sinni lítillaga undir áætlun. Gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun verði endurskoðuð fyrir síðustu 6 mánuði ársins.

Hólmar yfirgaf fundinn.

### **3. Stefna HA 2018-2023**

Rektor dreifði lokaútgáfu af stefnu HA 2018-2023 til samþykktar.

Engar grundvallarbreytingar á fyrri stefnu en einhverjar áherslubreytingar. T.d. aukin áhersla á rannsóknir og enn meiri áhersla á sveigjanlegt nám. Mikilvægt að stefnan sé virkt stjórnþæki og hún taki breytingum og sé aðlöguð að aðstæðum á hverju ári og eftirfylgni sé með mælikvörðum og aðgerðum stefnunnar og mælikvarðar og aðgerðir endurskoðaðir ef þörf krefur. Markmiðið að tengja saman fjárhagsáætlanagerð og stefnuna á hverjum tíma í samræmi við lög um opinber fjármál.

Fundur var haldinn þann 16. mars s.l. með fulltrúum samfélagsins og samstarfsaðila þar sem stefnudrögin voru kynnt og umræður um stefnuna fóru fram í hópum. Þar komu fram góðar ábendingar um áhersluatriði sem ekki var talað um í stefnunni og ástæða var til að taka tillit til.

Almennar umræður sköpuðust um stefnuna og áherslur HA til næstu ára.

Stefna HA 2018-2023 samþykkt með lófaklappi.

### **4. Miðstöð doktorsnáms – drög að reglum um doktorsnám**

Stefán B. Sigurðsson kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti drög að reglum um doktorsnám. Gert er ráð fyrir að reglurnar verði lagðar fram til samþykktar í síðasta lagi í maí og óskað eftir athugasemdum háskólaráðsfulltrúa ef einhverjar eru.

Rektor sagði frá því að framkvæmdastjórn hefur samþykkt að auglýsa starf rannsóknastjóra sem yrði þá einnig forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms og gert ráð fyrir að stjórnarsýsla rannsókna muni einnig fara undir þessa einingu.

### **5. Aðgangstakmarkanir skólaárið 2018-2019**

Lögð fram beiðni frá forseta heilbrigðisvísindasviðs um að reglur um samkeppnispróf giltu áfram við hjúkrunarfræðideild. Jafnframt óskað eftir samþykkt háskólaráðs að nemendafjöldi sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs verði takmarkaður við 55 nemendur á vormisseri 2019. Tillagan samþykkt.

Einnig lagðar fram tillögur frá forseta hug- og félagsvísindasviðs um takmörkun á fjölda nemenda á 2. misseri 1. námsárs (vormisseri 2019) í lögreglu- og löggæslufræði (BA) við 40 nemendur og 85-90 nemendur í sálfræði. Tillögurnar samþykktar.

## **6. #Metoo**

*1801067*

Rektor minnti á umræðuna um #Metoo. Umræðunni verður haldið áfram eftir páska og rektor mun leggja fram áætlun um aðgerðir og næstu skref á næsta fundi háskólaráðs og óskar eftir tillögum frá háskólaráðsfulltrúum fyrir þann tíma.

## **7. Heiðursdoktorsnafnbætur**

Tillaga liggur fyrir frá öllum fræðasviðum um útnefningu doktorsnafnbótar í heiðursskyni. Háskólaráð samþykkir allar þrjár tillögurnar og vísar málinu til rektors, sem mun skrifa doktorsefnunum bréf og greina frá niðurstöðunni.

## **8. Samstarfssamningur við Polar Research Institute of China**

*1803038*

Samstarfssamningur – eða yfirlýsing um samstarf – við Polar Research Institute of China undirritaður þann 22. mars 2018.

## **9. Bætt samskipti á vinnustað – úttekt á samskiptamálum á hug- og félagsvísindasviði**

Hermína Gunnþórsdóttir háskólaráðsfulltrúi og Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi, komu inn á fundinn undir þessum lið í gegnum síma. Lögð fram skýrsla ráðgjafa vegna úttektar á samskiptamálum á hug- og félagsvísindasviðs. Rektor fór yfir málið.

Guðrún Ragnarsdóttir tók við og fór yfir sína aðkomu að málinu og helstu niðurstöður úttektarinnar.

Málið var rætt ítarlega og felur háskólaráð rektor úrlausn málsins og að upplýsa háskólaráð og kalla saman aukafund ef þörf krefur.

## **10. Önnur mál**

- **Erindi frá stjórn Vísindasjóðs HA**

Lagt fram erindi frá stjórn Vísindasjóðs þar sem óskað er eftir verulegri hækkun á framlagi í rannsóknasjóð HA. Framkvæmdastjórn tók erindið fyrir á fundi þann 20. mars s.l og lagði til að háskólaráð vísaði erindinu til umræðu í tengslum við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og fjárhagsáætlanagerð fyrir árin 2019 og 2020. Háskólaráð þakkar fyrir vel rökstutt erindi frá stjórn vísindasjóðs og samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar og beinir því til rektors að sjá til þess að erindið til efnislegrar umfjöllunar og skoðunar við gerð fjárhagsáætlana fyrir árin 2019 og 2020.

- **Ályktun frá kennaradeild**

Lögð fram ályktun frá deildarfundum kennaradeildar vegna Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Lýst er yfir áhyggjum af óljósri stöðu MSHA innan hug- og félagsvísindasviðs og óskað er eftir að háskólaráð setji á stofn starfshóp sem hafi það verkefni að útfæra nánar stöðu og hlutverk MSHA til framtíðar.

Tillaga rektors: lítill starfshópur sem fókusar á vandamálið núna og stærri hópur sem beinir sjónum sínum að hlutverki og stöðu MSHA til framtíðar. Í fyrri hópnum verði: forstöðumaður MSHA, formaður kennaradeildar og sviðsstjóri fræðslusviðs Akureyrarbæjar.

Síðar yrðu teknir að borðinu fleiri aðilar um framtíðina.

Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.